

Ísafjarðarbær
Skipulagsfulltrúi
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

11. mars 2022

Ósk um óverulega breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna jarðhitanýtingar við Laugar í Súgandafirði.

Orkubú Vestfjarða óskar eftir því að gerð verði breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. Orkubúið og skipulagsráðgjafar telja að framkvæmdin sé í samræmi við meginstefnu aðalskipulagsins og því geti verið um óverulega breytingu að ræða. Breytingin tekur til borholu sem kennd er við Laugar í Súgandafirði en borholan er í landi Ísafjarðarbæjar.

Í janúar 2019 heimilaði skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar útgáfu framkvæmdaleyfis vegna borteigs við Laugar. Tilraunaboranir lofuðu góðu og borholan er komin í notkun og veitir nú heitu vatni til Suðureyrar. Byggja þarf dæluhús við holuna fyrir nauðsynlegan búnað til að tryggja rekstur hennar. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu og rotþró. Auk þess verður byggt mannhæðarhátt skýli yfir borholuna.


Skipulagsbreytingin myndi fela í sér að landbúnaðarsvæði breyttist í iðnaðarsvæði, sem afmarkað yrði með hringtákn á skipulagsupprætti. Á iðnaðarsvæðinu yrði heimilað að byggja allt að 70 m² dæluhús við holuna. Orkubúið og skipulagsráðgjafar telja að til greina komi að beita grenndarkynningu í stað deiliskipulagsgerðar í kjölfar aðalskipulagsbreytingar.

Orkubúið væntir þess að nánar verði fjallað um þetta svæði, þ.e. frekari nýtingu og frágang þess, í heildarendurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar sem nú er í vinnslu.


Meðfylgjandi er klippa úr aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og afstöðumynd af borteignum.

Fyrir hönd Orkubús Vestfjarða

Gunnar Páll Eydal, Verkís



Gildandi aðalskipulag. Svæðið sem breytingin tekur til er merkt með rauðum hring.



Afstöðumynd af borplani og fyrirhuguðu dæluhúsi.